



## Knattspyrnusamband Íslands

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri  
Haukur Hinriksson, yfirlögfræðingur

Reykjavík, 11. júlí 2023

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur tekið fyrir lög Knattspyrnusambands Íslands, með breytingum sem samþykktar voru á ársþingi KSÍ fyrr á árinu. Stuðst var við álit laganefndar ÍSí. Eftirfarandi athugasemd og ábendingar voru gerðar:

Í grein 16.2. í lögum KSÍ kemur fram að fulltrúi hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) skuli uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, skv. grein 17.2.

Í grein 17.2 er fjallað um þau skilyrði sem þeir sem bjóða sig fram til embættis formanns og embætta stjórnar og varastjórnar KSÍ þurfa að uppfylla. Gerð var sú breyting á þessu ákvæði á þingi KSÍ 2023 að eftirfarandi setningu var bætt við: „*Þeir sem kosnir eru í stjórn KSÍ og þeir sem kosnir eru til vara í stjórn KSÍ, að undanskildum fulltrúa ÍTF, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá aðildarfélagum KSÍ né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.*”

Ekki er talið í samræmi við lýðræðislega og góða stjórnarhætti að undanskilja einn aðila í stjórn KSÍ frá hæfisskilyrðum sem allir aðrir í stjórn sambandsins þurfa að gangast undir. Skilyrðin eru sett í þágu góðra stjórnarháttanna en með undanþágunni fyrir fulltrúa ÍTF þá má segja að skilyrðin snúist upp í andhverfu sína og fari gegn þeim góðu gildum sem þau eiga að stuðla að.

Ekki er sýnileg gild ástæða fyrir því að fulltrúi ÍTF sé undanskilinn þessu hæfisskilyrði.

Framkvæmdastjórn ÍSí staðfestir lög KSÍ með áorðnum breytingum með fyrirvara um lagfæringu á grein 17.2., skv. ofansögðu, og með eftirfarandi ábendingum:

- Bent er á að samræma þarf tilvísanir í samtökin Íslenskan toppfótbolta í lögnum þar sem ýmist er vísað í Íslenskan toppfótbolta (grein 10.6. e-liður), hagsmunasamtök félaga í efstu deildum, innan sviga Íslenskur Toppfótbolti (grein 16.2.) og skammstöfunina ÍTF, sem hvergi kemur fram í lögnum í samhengi við það nafn sem hún stendur fyrir (greinar 16.2. og 17).
- Í grein 6.2 felst athafnaskylda um að vinna gegn því sem talið er upp í greininni. Með hliðsjón af því væri gott að skýra út hvað gæti talist til „hvers kyns óeðlilegra afskipta” og eins þyrfti að vera skýrt hver ferill kvartana um slík afskipti er.

Vinsamlegast sendið skrifstofu ÍSí eintak af lögum KSÍ þegar um þau hefur verið fjallað á viðeigandi vettvangi sambandsins. Þess skal gætt að sá hluti greinar 17.2, sem ÍSí setur fyrirvara um, komi ekki til framkvæmdar við stjórnarkjör og staðfestingu fulltrúa ÍTF. Þannig skal tryggt að breyting verði gerð á tilvitnuðu ákvæði greinar 17.2 sem fyrirvari er gerður um, áður en til næsta stjórnarkjörs og staðfestingu fulltrúa ÍTF kemur.

Með kveðju,

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

*Halla Kjartansdóttir*

Halla Kjartansdóttir

sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs

